

Colas Ísland hf.
Sigbór Sigurðsson
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. ágúst 2022
UST202202-386/gf
08.06.02

**Varðar reglubundið eftirlit í færánlega malbikunarstöð Colas Ísland hf. –
Benninghoven í Þorlákshöfn**

Þann 10. júní sl. fór fram eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf. – Benninghoven í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Stofnunin fór fram á að fá send eftirfarandi gögn; listi yfir olúgeyma sem notaðir eru í malbikunarstöðinni, áætlun um frágang á svæðinu og niðurstöður hljóðmælinga við stöðina. Skriflegt samþykki við sveitarstjórn um notkun á gryfjunum til malbiksframleiðslu hefur borist. Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hefur borist.

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirlitinu:

1. Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeiganda og sveitarfélags hafði ekki borist stofnuninni sbr. greinar 1.2 og 3.11 í starfsleyfi.
Samkomulag við sveitarstjóra hefur nú borist og því er frávikinu lokað.
2. Ryk í útblæstri stöðvarinnar í síðustu mælingu var yfir losunarmörkum í starfsleyfi, sbr. gr. 3.5 og ný mæling hefur ekki borist stofnuninni.
3. Ársyfirlit sbr. gr. 4.5 með samantekt á skráningum og mælingum vegna ársins 2021 hefur ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. september 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur